

# Uppruni Íslendinga II

## Þjóðflutningar

Í GREIN sem ég ritaði nýlega greindi ég frá kenningum Barða Guðmundssonar um þátt Herúla, norræns þjóðflokks í uppruna Íslendinga. Þjóðflokkur þessi fór frá dönsku eyjunum til Svartahafs á fyrstu öld eftir Krist, sennilega sömu leið og víkingar síðar og herjuðu þeir með miklum flotastyrk á Grikkland og Litlu-Asíu í bandalagi við Gotana, sem þangað komu um svipað leyti. Þá greindi ég frá för helmings þjóðar Herúla aftur norður í byrjun 6. aldar. Þekktastur Herúla var Odovakar, sem fyrstur germana ríkti yfir Rómverjum frá 476. Vegna þessara kenninga er athyglisvert að gefa gaum að mörgum atriðum í menningu Íslendinga og þjóðskipulagi, sem minna meir á germani þjóðflutningatímans heldur en Norðmenn.

### Fólksflutningar til Noregs

Í bókinni Íslenska þjóðveldið eftir Björn Þorsteinsson er þess getið að mikill uppgangstími hafi verið í Noregi á 8. og 9. öld. Sagt er að byggð hafi fjórfaldast í Vestur-Noregi á þessum tíma með nýjum landnámsjörðum og víkingum í strandhéruðunum. Talið er að þessar nýju landnámsjarðir fræði okkur ekki einungis um öra fólksfjölgun, heldur um breytta þjóðfélagshætti. Þessu til stuðnings er á það bent, að nú rísi upp hundruð og jafnvel þúsundir bæja, sem kallaðir eru staðir og kenndir við einstaklinga: Herjúlf, Herleif, Hrólfr, Árna, Atla eða jafnvel einhverja jómfúru, t.d. Meyjarstaðir, en slíkar nafngiftir hafi ekki þekkt áður í Noregi.

Þarna eru greinilega komnir Herúlar með þá nafnahefð, sem þekktist í þeirra kynflokkum frá fornu fari, auk nafnsins Atli sem farið var að nota eftir nán samskipti við Húna um árabíl.

Þessar nafngiftir fluttust til Íslands, þegar Haraldur hárfagri flæmdi aðkomumennina úr landi. Hér varð algengt að nota staði í bæjarnöfnum, auk nafns þess sem fyrstur byggði.

Í ritum Íslendinga á söguöld um atburði í Noregi á víkingaöld t.d. Heimskringlu Snorra og skrifa þeirra Sturlu Þórðarsonar og Karls ábóta, sem allir höfðu verið í Noregi, er getið um ýmis nöfn landsvæða, fylkja og ríkja í Noregi á víkingaöld, t.d. Agðir, Jaðar, Rogaland, Hörðaland, Sogn, Vestfold, Numadalur, Raumaríki, Naumdælafylki, Harðangur, Storð og Sunnmæri. Ekkert þessara norsku nafna er flutt til Íslands við landnám, sem eðlilegt hefði verið, ef Norðmenn hefðu verið að nema hér land. Öll meginöfn héraða á Íslandi verða sérstök fyrir Ísland og sömu nöfn eru notuð, er Íslendingar nema Grænland einni öld síðar.

Fróðlegt er að bera þetta saman við nafngiftir Íslendinga, er þeir fluttu til Vesturheims á ofanverðri 19. öld. Öll nöfn voru tekin frá gamla landinu eða úr ritum íslenskum. Sama varð hjá Englendingum er þeir námu land á austurströnd Ameríku að notuð voru kunn nöfn borga og héraða frá Englandi, stundum að viðbættum new, eins og t.d. New York eða New England.

### Löggjöf

Á þjóðflutningatíma germana hafði hver þjóð sín sérstöku lög. Seinna skráðu þessar þjóðir lög sín í bækur mörg hundruð árum fyrir nám Íslands. Við landnám höfðu landsmenn með sér lög, sem sést best á því, að við stofnun allsherjarríkis 930 var Þingvallaland lagt undir þingstað, þar sem eigandinn hafði þá nokkru fyrr fyrir gert landi sínu með vígi þræls. Landið hefur orðið að dæma af eigandanum og því hefur strax við landnám verið dómsvald með þjóðinni. Nú er vitað að á landnámstíma voru í Noregi engin ein lög, heldur breytileg eftir héruðum og dómsvald meira í höndum konunga. Þá er heldur ólíklegt að Norðmaður hefði verið dæmdur frá landi fyrir þrælsvíg. Meðal Herúla hefði það aftur verið eðlilegt, því þeir voru þekktir fyrir jafnrétti. T.d. voru konur svo mikils metnar meðal þeirra, að ekki var fátítt að menn kenndu sig við mæður sínar. Á Íslandi urðu allir jafnir fyrir lögunum.

Ekkert allsherjarþing var í Noregi eins og á Íslandi og breyttist það ekki eftir sameiningu landsins í eitt

konungsríki. Meðal germana voru hinsvegar haldin þing þjóðanna og þetta var sömuleiðis raunin í hreinu víkingaríki eins og Mön, þar sem bæði voru Alþingi og Þingvellir.

### Þjóðhöfðingi

Germanir höfðu ekki þjóðhöfðingja yfir sér eða annað miðstjórnarvald en þingin. Þetta breyttist ekki fyrr en þeir fóru að leggja undir sig Rómaveldi. Þeir kusu sér þó herstjóra, er ófriður var, en ávallt var meðal þeirra höfðingjaveldi og ættin var helsta einingin og innan hennar var rik hefndarskylda. Í Noregi á landnámstíma var vald konungs og hersa mjög rótgróið og ekki heimildir fyrir öðru fyrirkomulagi. Þetta konungakerfi fluttist ekki til Íslands, heldur germanska kerfið. Lögsögumaður varð hér æðstur meðal jafningja og má benda á að sama fyrirkomulag virðist hafa verið meðal Vestgota við Svartahaf. Slíka menn kölluðu Rómverjar *judices*.

### Menning

Það hefur verið mönnum mikil ráðgáta hversu menning Íslendinga stóð mikið ofar menningu hinna Norðurlandanna fyrstu 400 árin í sögu okkar. Skáldskapur var hér í hávegum meðan skáldalaust var í Noregi. Íslendingar fóru að rita á eigin tungu, ekki bara sína sögu, heldur einnig sögu hinna landanna löngu áður en hinar þjóðirnar settu annað en rúnir á prent. Margir hafa þakkað kristnitökunni ritöldina, en væri svo hefði þjóðin ritað á latínu, eins og seinna gerðist á Norðurlöndunum. Annað þekktist ekki meðal kaþólskra.

Nú er það svo að þjóðir germana á faraldsfæti kynntust menningu Grikkja og Rómverja og komust á annað menningarstig, en norðlægari frændur þeirra. Vestgotar fundu upp gotneskt letur og þýddu biblíuna á eigið mál um árið 350. Það merkilega við það er að Íslendingar nútímans geta skilið flest í þeirri gömlu bók. Ég tek hér eitt dæmi: "vairþai vilja þeins, sve in himina jah ana airþai, gif uns himma daga.". Þetta þýðir: "Verði þinn vilji, svo á himnum sem á jörðu, gef oss himna daga."

Herúlar lifðu í nálægð Gota og börðust með þeim við Svartahaf. Er nokkuð ólíklegt að sú þjóð hafi einnig farið að rita á eigin tungu og flutt þá menningu með sér til Íslands, ásamt kvæðunum frá Svartahafi um Gota og Húna.

Höfundur er hæstaréttarlögmaður.

Ólafur Sigurgeirsson